



Þverö í Lanárdat, bíll & blaðinu í fyrsta sinn. 2/2

*Fr. Blöðinn, Páll Svansson, Bryghita Sigurðardóttir, Jónas Svansson (stendur), Áskel Jónsson (situr á hest), Jón Jónsson, Sævi Jónsson (situr á stólu), Sveinbjörn Þorgilsson (stúk við Svavat), Sigrún Jónsdóttir, Halldýr Jónsdóttir, Málfríður Jónsdóttir, Halldýr Þorgilsson (í fangi fíðar), Þorgil Jónsson.*

# Safni

BLAÐ MENNINGARMIDSTÖÐVAR  
ÞINGEYINGA

30. ÁR – 2010

# Stjórn Menningarmiðstöðvar Þingeyinga 2009

Ólína Arnkelsdóttir, formaður  
Halldór Kristinsson  
Margrét Hólm Valsdóttir  
Sigríður Kjartansdóttir  
Sverrir Haraldsson  
Stefán Eggertsson  
Friðrik Sigurðsson

## Almennt

Segja má að starfsemi Menningarmiðstöðvar Þingeyinga hafi hreint ekki verið með hefðbundnum hætti á árinu 2009. Í annað sinn á rúmu ári urðu mannskipti í sæti forstöðumanns, Sigurjón Baldur Hafsteinsson hætti og við tók Sigrún Kristjánsdóttir. Á slíkum tíma-mótum raskast samfellan í starfinu og tekur nokkurn tíma að ná upp fyrri damp. Það hefur þó ýmislegt verið gert og verður það tilgreint hér á eftir. Seinni hluti ársins fór að mestu í að skipuleggja breytingar í húsinu og nýjar sýningar. Tekin var ákvörðun um að stokka upp í sýningarhaldi og breyta staðsetningu sýningarrýma. Í því sambandi var ákveðið, í góðu samráði og samvinnu við forsvarsmenn og starfsmenn Bókasafns Húsavíkur, að bókasafnið skyldi flytja af fyrstu hæð niður á jarðhæð Safnahússins. Þörf var á afgreiðslu fyrir gesti Menningarmiðstöðvarinnar auk þess sem eðlilegt má telja að sýningar séu á fyrstu hæðinni. Þetta kom sér svo ekki illa fyrir bókasafnið þar sem húsnæðið á neðri hæðinni hentar að mörgu leyti betur fyrir starfsemi þess. Þar eru ekki öll litlu herbergin sem eru á efri hæðinni og sem nýttust ekki sem skyldi og er nú rýmra um bókasafnið á allan hátt. Einnig hefur aðgengi að bókasafninu batnað fyrir þá sem erfitt eiga með stiga.

## Safnahúsið á Húsavík

Safnahúsinu, nema bókasafni og héraðsskjalasafni, var lokað 1. nóvember og hafist handa við undirbúning að flutningi bókasafnsins og einnig við undirbúning nýrrar sýningar á fyrstu hæðinni sem vera skyldi, ásamt sjóminjasýningunni, grunnsýning safnsins.

Í byrjun júní var tekin ákvörðun um að færa starfsfólk safnsins sem hafði haft sína starfsstöð á Garðarsbraut 17 í Safnahúsið. Forstöðumaður færði sig um set og allir starfsmennirnir þrír, fluttu í þá stóru

skrifstofu. Á sama tíma flutti Daníel, sem hafði haft sína aðstöðu í sjóminjasafninu, á sama stað og einnig var aðstaða þeirra sem vinna við skráningu fyrir Þjóðskjalasafn Íslands flutt. Þegar nýr starfsmaður, sem sinna átti héraðsskjalasafninu kom til starfa í byrjun ágúst var hluti héraðsskjalasafns fluttur í herbergi sem áður hýsti hluta af byggðasafnsýningu en hafði verið tekin niður.

Kaffistofa starfsfólks var útbúin þar sem áður var innri salur Listasalsins og ákveðið að Listasalur yrði einungis í stærra rýminu. Þar drekka kaffi að jafnaði um 8-10 manns.

Arnhildur Pálmadóttir arkitekt var fengin til að koma með tillögur að nýju skipulagi í anddyri Safnahússins. Þar þurfti að vera hægt að taka á móti greiðslum og veita upplýsingar. Gestir safnsins þurftu að geta sest niður og drukkið kaffi og einnig átti að vera pláss fyrir litla safnbúð.


Í gangi á jarðhæð er ráðgert að verði hafðar ljósmyndasýningar, bæði gamlar myndir safnsins og myndir ljósmyndara en einnig verk barna og aðrar litlar sýningar. Þar verður einnig gott svæði fyrir gesti og nemendur til að setjast niður og skoða bækur eða kort og vinna. Þar verður svokallaður „heitur reitur“, þ.e. þráðlaust netsamband.

Gert var ákak í geymslum safnsins. Stórir gripir sem ekki var fyrir-sjáanlegt að yrðu sýndir á næstunni voru fluttir í góða geymslu sem er í kjallara þjónustuhússins við Grenjaðarstað.

## Ný grunnsýning

Helsta nýjungin í starfi Menningarmiðstöðvarinnar er ný sýning sem ráðgert var að opna á vordögum 2010. Forstöðumaður gerði drög að handriti og fékk svo til liðs við sig hóp manna og kvenna til að fara yfir hugmyndirnar, koma með nýjar og spekulera í næstu skrefum. Þeir sem kallaðir voru til eru: Davíð Ólafsson sagnfræðingur, Oddný Eir Ævarsdóttir, rithöfundur og heimspek- ingur, Sjón rithöfundur, Sigurjón Jóhannesson, fyrrv. skólastjóri, og Þorkell Lindberg Þórarinnsson, náttúrufræðingur hjá Náttúrustofu Norðausturlands. Hópurinn vann í tvo daga sleitulaust og var mikill fengur í starfi hans og





Yfirlitsteikning af grunnsýningu.

hugmyndaauðgi. Rætt var allt mögulegt sem viðkom sýningargerðinni og komist að mörgum niðurstöðum sem nýttust vel í framhaldinu. Undirrituð mæli með aðkomu slíkra hópa við sýningargerð í fámennum söfnum.


Ákveðið var að ráða Finn Arnar Arnarson til að hanna sýninguna og setja hana upp ásamt Þórarni Blöndal og forstöðumanni. Þeir komu tvisvar sinnum í nóvember og desember til að skoða aðstæður, mæla upp, mynda velflesta gripi safnsins í geymslum og ræða hugmyndir.

Lagður var grunnur að framleiðslu minjagripa til að selja í lítilli verslun Safnahússins. Styrkur fékkst frá Menningarráði Eyþings til undirbúnings og var Oddný Magnúsdóttir ráðin til að vinna með forstöðumanni í verkefninu. Ákveðið var að fá fólk af svæðinu til að útbúa gripi sem nefndin ákvað og voru innblásnir af gripum í söfnum Menningarmiðstöðvarinnar. Verkið gekk vel og voru fimm aðilar fengnir til verksins. Verk þeirra verða seld í safnbúð Safnahússins þegar nýjar sýningar verða opnaðar.





Í nokkur ár hefur það verið á dagskrá Safnahússins að hýsa sýningu um Samvinnuhreyfinguna. Henni var ætlaður staður þar sem bókasafnið var á fyrstu hæðinni. Þessar áætlanir breyttust. Vegna efnahagshrunsins var hætt við byggingu húss sem

m.a. átti að hýsa bókasafnið. Auk þess þótti nýjum forstöðumanni fengur að því að hafa bókasafnið í húsinu. Þangað er stöðugur straumur fólks og fer vel um bókasafn í safnahúsi. Húsið er enda stórt og hægt að koma þar ýmsu fyrir. Niðurstaðan varð sú að samvinnusýningin fengi stærsta herbergið á svæði nýju grunnsýningarinnar. Félag um samvinnusýningu hafði veg og vanda af henni, greiddi kostnað og hafði yfirumsjón með allri gerð hennar. Samningur var gerður milli Safnahússins og Félags um samvinnusýningu og hafði Tryggvi Finnsson yfirumsjón með verkinu. Ákveðið var að hafa samfellu í sýningunum þannig að gestir yrðu ekki varir við þessi skipti. Sömu hönnuðir voru fengnir fyrir báða sýningarhlutana.



Undirbúningur fólst í að skrifa handrit að sýningunni, grannskoða safneignina og ákveða söguefnið. Gengið var út frá því að sýna saman náttúruminjar og manngerðar menningarminjar til þess að leggja áherslu á nán samskipti manns og náttúru á svæðinu. Í þessu felst ákveðin nýjung þar sem söfn og sýningar sem fjalla um náttúru og menningu eru nær alltaf aðskilin og lúta raunar tvennum lögum. Eftir vandlega íhugun og vinnu með fyrrnefndum hugmyndahópi, var ákveðið að einskorða sýninguna við 100 ár, þ.e. 1850-1950. Ástæða þess er að sá tími er lokakafli þess tímabils í íslenskri sögu sem oft er kallað gamla bænda-samfélagið, en byggðasöfn voru stofnuð að miklu leyti til að varðveita það tímabil sögunnar. Eftir þann tíma breyttist margt, vélar komu í æ ríkari mæli við sögu í flestum störfum auk þess sem þéttbýlið kallaði fleiri til sín. Húsavík fékk einmitt kaupstaðarréttindi árið 1950. Önnur ástæða er einfaldlega sú að langflestir gripir safnsins eru frá þessu tímabili, eins og vænta mátti.

Um fjármögnun sýningarinnar er það að segja að til voru sjóðir á reikningum Menningarmiðstöðvarinnar og gjafir sem safninu hafði



hlotnast. Sótt var um styrki eins og hægt var til að fjármagna einstaka þætti. Reynt var að halda kostnaði í lágmarki, þó þannig að gerð yrði sýning sem sómi væri að. Ákveðið var að sleppa margbrotinni tækni sem söfn nútímans hafa gjarnan tekið í sína þjónustu, en leitast við að láta gripi, myndir og texta af svæðinu öðlast nýtt líf og merkingu á sýningunni. Þó var ákveðið að leggja áherslu á tæknina á þeim hluta sýningarinnar sem fjalla átti um Samvinnuhreyfinguna þar sem lítið var til af gripum til að sýna, pláss takmarkað en umfangsmikil saga sem koma þurfti á framfæri. Leitað var til Gagarín um þennan margmiðlunarþátt, en það fyrirtæki hefur mikla og víðtæka reynslu af slíku starfi. Sérstakt félag hefur eins og áður segir séð um þennan hluta sýningarinnar og hefur það sitt eigið fé.

## Ljósmyndasafn

Á vordögum voru keypt sýrufrí plöst fyrir hluta af filmusafni Sigurðar Péturs Björnssonar svo hægt væri að gera kontakta af myndunum.


Unnið hefur verið í því að færa allar ljósmyndir inn í skráningarformið svo hægt verði að skoða þær allar í tölvu. Myndirnar eru margar og mikið verk óunnið en hálfnað er verk þá hafið er og verður unnið í þessu verkefni jafnt og þétt meðfram öðrum störfum. Einnig er notað hvert tækifæri þegar myndir eru teknar fram að skanna þær og setja á sinn stað í skráningarformið.

Ákveðið var að við enduroppnun Safnahússins yrði sérstakt rými á jarðhæð ætlað fyrir ljósmyndir. Einnig var ákveðið að fyrsta ljósmyndasýningin yrði úr fórum Silla, Sigurðar Péturs Björnssonar, til að heiðra hans minningu en Silli gaf húseign sína á Garðarsbraut 17 ásamt innbúi og stórt ljósmyndasafn sitt til safnsins árið 2007, eins og mönnum er kunnugt. Pétur ljósmyndari var fenginn til að velja og stækka myndir á sýninguna.

## Myndlistarsafn

*Sýningar á árinu:*

„Haltu kjafti og vertu þæg“, skoðanasýning. 5. janúar – 30. janúar.  
 „Heimsókn“, Haraldur Jónsson myndlistarmaður. 28. mars – 15. apríl.  
 „Hnattræn breyting“, ljósmyndasýning 23. apríl – 10. maí. Þessi



HEFUR ÞÚ SKOÐUN???



sýning var haldin í samvinnu við Sendiráð Kanada á Íslandi og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.

Þann 25. júlí opnaði sýning Aðalbjargar Kristjánsdóttur á málverkum og skúlptúrum.

Þann 12. september var opið sýning Sigurlínar M. Grétarsdóttur – Línu.

Arnþrúður Dagsdóttir opnaði sýningu sína 15. ágúst.

Þann 21. nóvember opnaði sýning Sigurðar Hallmarssonar á landslagsmálverkum í tengslum við 80 ára afmæli hans sem getið er um annars staðar.

Sérstök móttaka var haldin í Safnahúsinu í tilefni af opnun sýningarinnar „Hnattræn breyting“ en Sendiráð Kanada á Íslandi styrkti komu sýningarinnar og efndi einnig til móttökunnar. Sérstakur gestur á móttökunni var forstöðumaður náttúruminjasafnsins í Ottawa, Joanne DiCosomo, en hún er af íslenskum ættum. Í tilefni af komu hennar sendu Grímseyingar Joanne bók að gjöf um sögu Grímseyjar. Þessari höfðinglegu gjöf var vel tekið.

#### *Keypt verk á árinu*

Haraldur Jónsson, myndlistarmaður. Sýning hans „Heimsókn“ sem sett var upp í Safnahúsinu í mars var keypt í heild sinni.

Hreiðar Kristjánsson, ljósmyndari og myndasmiður. Sýning hans „Sin Húsavík“ var keypt í heild sinni og verður hún sett upp í Safnahúsinu.

## Fyrirlestrar og tónleikar

Hannes Lárusson, myndlistarmaður og staðarhaldari Íslenska bæjarins í Austur-Meðalholtum, hélt fyrirlestur um Íslenska bæinn þann 19. febrúar.

Þann 13. mars var úrslitakeppnin í Stóru upplestrarkeppninni haldin í Safnahúsinu.

Þann 19. mars var úthlutað úr Menningarráði Eypings í Safnahúsinu og heiðraði menntamálaráðherra samkomuna með því að afhenda styrki ráðsins. Í tilefni af komu ráðherra, Katrínar Jakobsdóttur, var henni afhentur kassi að gjöf með öllum árgöngum Árbókar Þingeyinga, alls 50 stykki!

Mánudaginn 23. mars hélt Hið Þingeyska fornleifafélag aðalfund sinn í Safnahúsinu.

Í apríl var haldin kvikmyndasýning í Safnahúsinu í samstarfi við Kvikmyndasafn Íslands. Sýndar voru myndir af konungskomum til landsins 1908-1926.

Þann 25. apríl var haldinn fyrirlestur undir yfirskriftinni „Hvað er heilun?“

Þann 2. maí var haldið málþing í Safnahúsinu undir yfirskriftinni „Spegill fortíðar, silfur framtíðar.“ Á málþinginu fluttu Daníel Borgþórsson og Sigurjón Baldur Hafsteinsson erindi um Þingeyskan sögu-grunn.

Þann 7. maí hélt MMÞ kvikmyndasýningu í sal Borgarhólsskóla á hinn umdeildu mynd Draumalandinu. Annar leikstjóri myndarinnar, Andri Snær Magnason, og einn framleiðandi hennar, Hanna Valsdóttir, komu sérstaklega til Húsavíkur til að vera viðstödd sýninguna. Eftir sýninguna voru líflegar umræður um efni hennar, en þetta var vel sóttur viðburður.

Þann 14. maí var haldið svokallað *Pálskvöld* en það var tileinkað Páli Árnasyni frá Þverá í Reykjahverfi.

Þann 17. maí voru haldnir burtfarartónleikar á vegum Tónlistarskóla Húsavíkur í Safnahúsinu.


Mærudagar voru haldir á Húsavík að venju í júlí. Mikið var um dýrðir og í Safnahúsinu var ókeypis inn, sýnt handverk, ratleikur fyrir börnin o.fl. Fyrirlestrar voru nokkrir:

Þann 22. júlí flutti Jan Tiedermann fyrirlestur um ESB.

Þann 23. júlí hélt Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður fyrirlestur um tengsl hönnunar sinnar við náttúru og sögu landsins.

Þann 24. júlí var Árni Sigurhjártarson með kynningu á verkefninu um Garðarshólma.

Þann 26. júní héldu Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari og Elísabet Waage hörpuleikari tónleika í listasal.



*Draumalandið.*

Þann 11. desember komu tveir rithöfundar og lásu uppúr nýjum bókum sínum. Þetta voru þeir Sindri Freysson og Huldar Breiðfjörð. Þeir fóru á Raufarhöfn, Þórshöfn og Kópasker og enduðu í Safnahúsinu á Húsavík þar sem þeir lásu upp á Bókasafni Húsavíkur. Þar var einnig lesið uppúr ýmsum bókum og Eyrún Ýr Tryggvadóttir, forstöðumaður bókasafnsins, las uppúr nýrri bók sinni. Þetta var samstarf Sauðanesshússins, Bókasafnsins á Húsavík og Safnahússins.

## Samstarf

Söfn í Þingeyjarsýslum tóku sig saman um að stofna safnaklasa til að hafa samráð um faglega þætti safnastarfs og kynningarmál og hlaut hann nafnið *Safnaþing*. Markmið félagsins eru eftirfarandi:

*Meginmarkmið félagsins er að stuðla að öflugu og metnaðarfullu starfi í menningarmiðlun í Þingeyjarsýslum. Félagið vinnur að auknu samstarfi þeirra aðila sem standa að sýningu, söfnum, setrum og annarri menningarmiðlun á starfssvæðinu. Þannig mun félagið efla gildi svæðisins út frá menningarlegu tilliti. Félagið mun vinna að sameiginlegri kynningu og markaðsstarfi.*

*Undirmarkmið:*

- *Sækja um styrki til að afla fjár til starfseminnar.*
- *Standa fyrir sameiginlegum fræðsluerindum um sýningarstarf, menningu og miðlun.*
- *Standa fyrir útgáfu á sameiginlegu kynningarefni.*
- *Ráða verkefnastjóra í afmörkuð verkefni.*
- *Sameiginleg innkaup og afsláttarsamningar (eftir því sem við á).*

Ákveðið var að leita samstarfs við sambærilegan klasa í Eyjafirði og sækja um styrk til þess að gera kynningarbækling fyrir báða klasana. Styrkurinn fékkst og var hæsti styrkur sem veittur var það árið frá Menningarráði Eypings.

Þjóðminjasafn Íslands, Minjasafnið á Akureyri og Menningarmiðstöðin efndu til samstarfs um að halda sýningu á verkum ljósmyndarans Bárðar Sigurðssonar sem tók mikið af myndum hér á svæðinu. Einnig skyldi koma út bók um Bárð og verk hans. Sú vinna er í gangi og áætluð sýningaropnun um mitt ár 2011.

Áfram var haldið með samstarf Menningarmiðstöðvar við Þjóðskjalasafn Íslands. Við skráninguna unnu á árinu: Anna María Hilmarsdóttir, Kristbjörg Jónasdóttir, Auður Gunnarsdóttir og Karl Ágústsson sem hætti um mitt ár en við tók Óli Antonsson. Samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands var einnig haldið áfram út árið og voru það Ásgerður Þorsteinsdóttir, Ragnheiður Baldursdóttir og Ragnheiður Hreiðarsdóttir sem skráðu gögn safnsins inn í gagnagrunninn Sarp.



## Þingeyskur sögugrunnur

Þann 7. mars fóru Daníel Borgþórsson, umsjónarmaður verkefnisins, og Sigurjón Baldur Hafsteinsson í fyrirlestraferð um austurhluta þess landsvæðis sem Þingeyskur sögugrunnur tekur til. Byrjað var á því að kynna sögugrunninn í félagsheimilinu á Þórshöfn, þaðan var haldið til Raufarhafnar og loks var kynning í Öxi á Kópaskeri. Þessir fundir voru vel sóttir og fólk áhugasamt um verkefnið.

Allt árið var fram haldið vinnu við verkefnið og var rekaviðarjörðum bætt í grunninn. Umræður fóru fram um að aðrar stofnanir tækju þátt í verkefninu sem rekið hefur verið á styrkjum. Fólk lýsti áhuga sínum á verkefninu og sáu ýmsir sér hag í að geta nýtt það kerfi og þá þekkingu sem orðið hefur til við vinnuna, en ekkert hefur enn orðið úr þeirri samvinnu.

## Árbók Þingeyinga

Árbókin kom út að venju. Sigurjón Baldur Hafsteinsson var kominn áleiðis með hana þegar núverandi forstöðumaður Sigrún Kristjánsdóttir tók við keflinu. Reyndist starfið nokkuð snúið og ekki þrautlaust fyrir nýjan starfsmann að átta sig á þeim boðleiðum sem hafa verið að slípast til í áranna rás. Allt gekk þó upp að lokum og árbók-



in kom út í desember. Ráðgert er að árbók- in verði gefin út áfram eins og verið hefur þó örliðlar áherslubreytingar gætu orðið í efnisvali og útliti bókarinnar.

## Héraðsskjalasafn Þingeyinga

Þann 27. mars var haldinn stofnfundur Félags héraðsskjalasafna og er Héraðsskjalasafn Þingeyinga aðili að þeim samtökum.

Anna María Helgadóttir sótti árlegan fund skjalavarða sem haldinn var á Egilsstöðum 29.-30. apríl.

Þann 1. ágúst tók til starfa hjá Menningarmiðstöðinni Snorri Guðjón Sigurðsson. Hann hafði áður verið „bæjarstjóri“ á Grenjaðarstað í fjögur sumur. Eitt hans aðalstarf er að sinna héraðsskjalasafninu, annast skráningar, aðstoða gesti á safninu og annað sem til fellur.

Mikið er um heimsóknir í skjalasafnið, varla líður dagur án þess að einhver og oft margir komi í leit að skjölum eða myndum. Safnið var geymt í einu herbergi á efstu hæð Safnahússins en æði þröngt var orðið um safnkostinn. Því var ákveðið í tengslum við aðrar breytingar í húsinu að taka niður byggðasafnssýningu sem verið hafði í rúmgóðu herbergi í vesturhluta hússins. Þar er nú hluti safnkosts skjalasafnsins auk skrifstofu Snorra og aðstöðu fyrir fræðimenn og grúskara.

### Aðföng á árinu:

1. Bókasafnið á Húsavík, 24. janúar. Handskrifuð kompa eftir Jakobínu Johnson, skáldkonu í Seattle í Bandaríkjunum. Send til Bókasafnsins 23. september 1997 af Helga Vigfússyni, ásamt bréfi.
2. Ósk Þorkeldsdóttir, Árholti 16, Húsavík, 7. janúar. Fundagerðar- bók Garðyrkjufélags Húsavíkur, 1975-2007.
3. Sigurjón Jóhannesson, Ketilsbraut 19, Húsavík, 25. febrúar. Ýmis skjöl tengd útgáfu Árbókar Þingeyinga.
4. Hilmar Stefánsson, Múlasíðu 26, Akureyri, 12. mars. Úr dánarbúi Stefáns Júlíussonar, ýmsir smámunir.
5. Hreiðar Karlsson, Laugarbrekku, Húsavík, 6. maí. Afhenti afmælis- dagabók sem honum hafði verið gefin. Rithandarsýnishorn fjöl- margra Húsvíkinga frá því um og eftir 1900.
6. Kolbrún Gunnarsdóttir, Víðilundi, 671 Kópaskeri, 30. apríl. Af-

henti fundagerðabækur, bréf, ljósmyndir og fleira frá Kvenfélagi Keldhverfinga.

7. Tryggvi Finnsson, Uppsálavegi 28, Húsavík, 10. maí. Afhenti ljós- myndasafn Kaupfélags Þingeyinga, ásamt einhverju af skjölum KÞ.
8. Bergljót Benediksdóttir, ekkja Hálfðans Ármanns Björnssonar, Hraunkoti, 16. september. Bréf, ljósmyndir o.fl. tengt Hraunkoti.
9. Sólseturskórinn syngur. Geisladiskur með Sólseturskórnum, gef- inn út 2009.
10. Þingeyingur 1. árg. 1. tbl. Brynhildur Þráinsdóttir afhenti í nóv- ember.
11. „Hreppstjórnarmenn í Kelduneshreppi 1790-1993.“ Bók frá 1994. Sigurður Jónsson Garði afhenti 12. nóvember 2009.
12. „Hreppstjórnarmenn í Kelduneshreppi 1994-2006.“ Bókin er út- gefin 2009 og er viðbót við áður prentaða bók frá 1994. Sigurður Jónsson Garði afhenti 12. nóvember 2009.
13. Gerðabók Ljósvefningadeildar Kvenfélagasambands Suður-Þing- eyinga 1943-1983. Afhent 25. nóvember 2009 af Huldu Elínu Skarphéðinsdóttur.
14. Aðalfundagerðir Sýslunefndar Suður-Þingeyinga frá 1922-1946 (vantar 5 blöð inn á milli). Afhent 1. desember 2009 af Gunnari Sveinbirni Ólafssyni.

## Vefurinn

Hafist var handa við að endurnýja vefinn. Búið var að ákveða grunn- gerð hans og grófa uppbyggingu. Daníel Borgþórsson hafði umsjón með nýja vefnum sem ráðgert var að opna um leið og nýjar sýningar safnsins. Það var spáð og spékúlerað í hvernig best væri að koma fremur flókinni starfsemi Menningarmiðstöðvarinnar á framfæri á vefnum en að lokum fékkst niðurstaða sem unnið var út frá.

## Garðarsbraut 17

Um mitt ár voru starfsmenn, sem unnu hjá safninu við skráningu þjóðháttagagna fyrir Þjóðminjasafn Íslands, færðir úr íbúð á miðhæð hússins yfir á skrifstofu í Safnahúsinu. Bæði var það að hugsanlegt var að leigja húsnæðið og ekki síður að búa til eina starfsstöð fyrir alla starfsmenn safnsins (fyrir utan sumarfólk á Grenjaðarstað og Byggða- safni N-Þingeyinga að sjálfsögðu). Nokkrir krakkar úr unglingavinnu



komu og hjálpuðu til við flutninga og þríf. Gerður var samningur við Þekkingarsetur Þingeyinga um leigu á miðhæð hússins fyrir sjálfboðaliða og aðra gesti sem koma til að vinna fyrir Náttúrustofu Norðausturlands, Þekkingarsetrið og Háskóla Íslands. Allt húsið er nú í leigu. Það er þó ósk stjórnar safnsins að selja húsið í fyllingu tímans því tíma fámenns starfsliðs Menningarmiðstöðvarinnar er betur varið til annars en að sinna fasteignaumsýslu.

## Byggðasafn Norður-Þingeyinga við Snartarstaði

Leitað var eftir tilboðum í viðgerðir á þaki og gluggum safnsins við Snartarstaði. Norðurvík fékk verkið. Guðmundur Arnason rafvirki var fenginn til að setja upp ljós við flóttaleiðir, en samkvæmt úttekt brunaefirlitsaðila var gerð krafa um slíkt. Einnig var gerð krafa um að útbúin yrði flóttaleið á annarri hæð hússins. Gert var við þakið síðla sumars en enn á eftir að útbúa flóttaleiðina.

Nokkuð hefur verið rætt um að bókasafn Öxarfjarðar sem er í húsinu verði fært til Kópaskers. Sú tilfærsla virðist skynsamleg þar sem ætla má að nokkuð sé erfitt um vik fyrir börn og þá sem erfitt eiga um gang að komast í bókasafnið sem er í nokkurri fjarlægð frá



*Byggðasafn Norður-Þingeyinga við Snartarstaði.*

þorpinu. Um þetta eru skoðanir skiptar og er málið enn í biðstöðu. Ekki er hægt að gera miklar áætlanir um framtíð byggðasafnsins fyrr en búíð er að ákveða framtíð bókasafnsins. Hins vegar er ljóst að þröngt er um byggðasafnið á efri hæðinni, sem er í sjálfu sér í lagi, en hitt er verra að ekki er hægt að þiggja neinar gjafir auk þess sem margir gripir safnsins eru alls ekki til sýnis. Með viðbót við húsnæði safnsins mundi gefast tækifæri til að bæta enn frekar þetta frábæra safn sem er einstakt í sinni röð.

Gestir safnsins voru um 500 þetta árið. Hægt væri að auka verulega við þann fjölda. Vilborg Sigurðardóttir, sem ólst upp í húsinu, kom og leysti af í vikutíma í ágúst eins og árið áður og var það vel þegið framlag.

## Grenjaðarstaður

Í hinum fagra torfbæ Grenjaðarstað í Aðaldal fór starfsemin að mestu fram með hefðbundnum hætti. Aðsókn var nokkru minni en áður eða um 2000 manns.

Bærinn, eins og aðrir torfbæir, þarfnast stöðugs viðhalds. Í byrjun júní komu Oddur Bjarni Þorkelsson og Margrét Sverrisdóttir og tóku niður einn hlaðinn vegg sem farinn var að halla ískyggilega framávið og hlóðu uppá nýtt. Stöðugt þarf að hlúa að bænum en það verk er á hendi starfsmanna Þjóðminjasafns Íslands sem varðveita bæinn sem er hluti af húsasafni Þjóðminjasafnsins. Í ágúst var opið hús einn dag þar sem boðið var uppá mat og drykk sem tengdist fjallagrösom. Það var eld-áður fjallagrasastýngur, útbúið grasöl, bakað fjallagrasabrauð, soðið grasseyði o.fl. Fólk kom saman í stóra hlóðaeldhúsinu, neytti veitinga og spjallaði saman. Dagurinn var sérlega vel heppnaður og komu um 70



manns. Ráðgert er að halda fleiri slíka daga í bænum með mismunandi þemum. Á jólaföstunni var haldið aðventukvöld í kirkjunni og eftir fagran söng, hljóðfærslátt og áhugaverð erindi var gengið í gegnum torfbæinn þar sem kirkjukórinn hafði stillt sér upp í hlóðaðhúsinu og söng fyrir gesti.


## Fundir, námskeið og ferðalög

Forstöðumaður sótti farskóla FISOS, Félags íslenskra safna og safnanna, á Suðurlandi 16.-18. september 2009. Að þessu sinni var fjallað um hlutverk safna á ýmsum vettvangi, s.s. í fræðslu barna og almennings, hlutverk safna í varðveislu byggingararfsins og fleira.

Forstöðumaður fór í ferð til Svíþjóðar í nóvember til að skoða söfn og sýningar til undirbúnings fyrir nýjar sýningar Safnahússins. Ferðin hlaut styrk úr styrktarsjóði BSRB. Ferðin tókst í alla staði vel og nýttist bæði sem hugmyndabrunnur en einnig sem víti til varnaðar í sýningargerðinni sem framundan var. Hér verður sagt stuttlega frá nokkrum af þeim söfnum sem heimsótt voru.

*Stockholms Stadsmuseum.* Safnið er nokkuð stórt og frekar gamaldags að mörgu leyti auk þess sem það er hreinlega komið að fótum fram, þarf að mála og laga ýmislegt. Lítið var um texta á ensku. Leitast er við að sýna stækkun borgarinnar frá miðöldum, ríka og fátæka, menntun, stríð og frið og fleira. Virkar allt fremur sundurlaust þó einstakar lausnir séu ágætlega útfærðar. Það sem stóð uppúr var það sem sneri að börnum: skemmtileg og sannfærandi skólaflokkar með uppstoppuðum dýrum og skólaflokkum frá ca. 1900.

*Historiska Museum.* Byrjaði á viðtali við Lars Amreus, forstöðumann safnsins. Hann gaf sér góðan tíma, sýndi allt safnið og útskýrði hvernig hinar ýmsu sýningar voru hugsaðar og hugmyndir útfærðar. Afar gagnleg ferð. Í safninu eru margar sýningar. Það sem stóð uppúr var sýning um loftslagsbreytingar og áhrif hennar á fornminjar/söguna. Ýmsar lausnir í sýningu um víkinga var athyglisvert að sjá en þarna voru líka víti til að varast, s.s. hvernig texta við skápa var fyrirkomið. Hins vegar var glæsileg framsetning gripa, góður texti og frábært myndefni, allt skýrt og greinilegt, hvorki of né van, einkennandi fyrir *Guldrummet* þar sem helstu dýrgripir eru til sýnis. Önnur mjög góð og menntandi sýning var um stóru spurningarnar; Hvað stjórna lífi þínu?, Hve stór er veröld þín?, Hvað er á bak við sjón-



deildarhringinn? o.s.frv. Mjög hugmyndarík og skemmtileg sýning, uppsetningin ekki endilega það besta en textar frábærir. Annað sem vakti athygli á öllum sýningum er að hvergi eru skilti sem banna fólki að snerta á hlutum. Þeir eru þó í seilingarfjarlægð. Það væri gaman að heyra hvernig þetta reynist. Glæsilegt safn, gott kaffihús og skemmtileg búð.

*Biologiska Museum* er yfir 100 ára gamalt safn í fallegu gömlu timburhúsi sem mér virtist vera í rússneskum stíl. Þarna er náttúran færð inní hús, reynt að líkja sem mest eftir raunverulegri náttúru með dýrum, trjám, strönd o.fl. *Panorama-sýning* í heilan hring. Svólítið skemmtilegt og mjög gamaldags.

*Nordiska Museum* er stórt safn í glæsilegri byggingu og er eins konar þjóðháttasafn. Þarna var margt að sjá og dvaldi ég lengi. Þar var gott kaffihús og fín safnbúð. Vel er hugsað um börn þarna eins og víðar og er stórt svæði helgað þeim þar sem búíð er að útbúa heilan heim þar sem börnin geta verið búðarfólk í gamalli verzlun og ýmislegt fleira. Allt var þarna vel gert og til fyrirmyndar.

*Transporth Museum* og *Leksaksmuseum* eru tvö söfn sem eru saman í stórri skemmu. Þar var fyrir mikill fjöldi barna með foreldrum eða kennurum og gaman að sjá hvernig barnastarfið er þungamiðja starfseminnar.

## Forvarsla

Eitt af meginhlutverkum safna er að tryggja að vel fari um safngripi, að þeim búi ekki hættu af nánasta umhverfi, og að gripum, skjölum, ljósmyndum og öðru sem safn geymir séu sköpuð ákjósanleg skilyrði svo þau skemmist ekki en geti verið komandi kynslóðum til gagns og gamans. Til að tryggja að Menningarmiðstöðin gegni sínu hlutverki með sóma hafa verið kallaðir til forverðir. Í fyrra skiptið var það Nathalie Jacquemet, forvörður á Þjóðminjasafni Íslands, sem kom og skoðaði bæði Grenjaðarstað, Byggðasafn N-Þingeyinga og geymslur Safnahússins. Hún kom með margar góðar ábendingar um endurbætur. Í kjölfarið voru fengnir tveir forverðir sem starfa sjálfstætt, þær Þórdís Baldursdóttir og Karen Sigurkarlsdóttir en þær komu í nóvember og voru í fjóra daga. Þær endurskipulögðu geymslurnar að nokkru leyti, komu gripum fyrir í sýrufríum kössum, gengu frá textílum og fóru yfir allt safnið m.t.t. varðveislumála. Ekki er allt búið enn og eitt gott átak þarf til að koma geymslumálum og skráningarmálum um leið í ásættanlegt horf. Safnið býr svo vel að eiga góðar og ágætlega búnar geymslur og því ætti að vera vandalaust, þó það taki tíma, að koma geymslumálum í gott horf. Áætlað er að nota veturinn 2010-2011 í þetta verk.



## Styrkir

Sótt var um ýmsa styrki á árinu. Að venju fékkst styrkur úr Safnasjóði og var þar gerð ákveðin leiðrétting því eftir að Menningarmiðstöð Þingeyinga hafði tekið við Byggðasafni N-Þingeyinga hafði fallið niður sá styrkur sem það safn hafði áður hlotið. Við þessa úthlutun var semsagt gerð nokkur leiðrétting á því. Einnig fékkst verkefnisstyrkur til forvörslu.

Menningaráð Eyþings veitti styrki til verkefnanna Heimsókn, Sin-Húsavík og Aðventukvöld. Einnig styrkti það tvö verkefni sem eru á dagskrá árið 2010, það er: Þingeyskar skáldkonur, sem hefur einnig verið styrkt af Kvenfélagasambandi S-Þingeyinga. Til stendur að miðla efni um og eftir þingeyskar skáldkonur á stafrænu formi. Hólmfríður Bjartmarsdóttir var fengin til að velja skáldkonur og skrifa handrit að stuttri mynd sem sýna skyldi í þeim hluta sýningarinnar sem fjallar um listir innblásnar af náttúrunni. Guðmundur Bjartmarsson kvikmyndagerðarmaður var svo ráðinn til að gera myndina. Hitt verkefnið er Vörupróun til að þróa vörur til að selja í safnbúð. Oddný Magnúsdóttir var fengin til verkefnisins. Sjóminjasafnið hlaut styrk úr Smábátasjóði Húsavíkur sem lagður var niður, eina milljón kr. Hluti þess var notaður til að endurnýja tækjabúnað sýningarinnar, sjónvarp og dvd-tæki. Einnig var keypt tölva til að miðla efninu sem gert hefur verið aðgengilegt á kortagrunni og nefnist Þingeyiskur sögugrunnur. Tölvan verður staðsett á sjóminjasýningunni.



## Myndir frá Þverá í Laxárdal, teknar 1945

Myndirnar sem hér birtast frá Þverá í Laxárdal eru að hluta úr Héraðsskjalasafni Þingeyinga en sumar myndanna eru í eigu Áskels Jónssonar.

Langflestar myndanna eru teknar í september 1945 af Jóni Jóns-  
syni Víðis (sonarsyni Jóns Jóakimssonar) landmælingarmanni sem  
var þá fluttur til Reykjavíkur. Jón var áhugaljósmyndari og tók mikið  
af myndum, m.a. af Þverá. Í september 1945 kom hann keyrandi á  
bíl að Þverá og var það í fyrsta skipti sem bíll kom að bænum og því  
merkileg stund. Með í ferðinni var bílstjóri og tvær systradætur Jóns,  
Hildur Hálfðanardóttir og Bergþóra Sigurðardóttir. Í ferðinni tók  
Jón fjölmargar myndir og eru þær flestar merktar honum (JJV) en  
örfáar eru merktar með bókstöfunum BS og telur Áskell Jónasson  
víst að systurdóttir hans, Bergþóra Sigurðardóttir tekið þær myndir.

Á myndunum má sjá ábúendur á Þverá, en þar bjuggu ásamt  
Jónasi Snorrasyni og börnum hans; Snorra, Jóni, Áskeli, Sigrúnu,  
Hildi og Aðalbjörgu þau Þorgils Jónsson (Doddi), kona hans Sigríð-  
ur Hallgrímsdóttir og börnin Svanhildur og Hallgrímur. Þorgils var  
móðurbróðir Áskels Jónssonar. Á myndunum sjást einnig Jón Jóns-  
son Víðis, systradætur hans Hildur Hálfðanardóttir og Bergþóra Sig-  
urðardóttir og loks bílstjórinn sem var með í för.



F.v. Svanhildur Þorgilsdóttir, Áskell Jónasson, Snorri Jónasson.



F.v. Jónína Guðjónsdóttir, Snorri Jónasson. Jónína flutti á Þverá með föður sínum  
Guðjóni frá Ljótstöðum um 1900. Þau bjuggu saman í norðurbúsinu og höfðu þá sér  
eldavél þar. Guðjón dó 1931 þá tæplega 101 árs gamall en Jónína dó 1952, þá 96 ára.  
Jónína var eins konar vinnukona á bænum, fékk að búa þar og hjálpaði til við  
heimilisstörfin. Myndin er tekin frá baðstofunni og inn í norðurbúsið. Jónína situr á  
rúmi í miðbaðstofunni en á því rúmi sváfu ýmsir; Áskell Jónasson m.a. í nokkurn  
tíma. Í loftinu hangir lampi sem bægt var að draga upp á daginn. Á norðurþilinu má  
sjá almanak ársins 1945 sem enn hangir þar í dag. Þegar símtæki kom í bæinn um  
1946 var það hengt á þann stað sem almanakið er á myndinni.




Líklega Bergþóra Sigurðardóttir. Á myndinni sést bestasleði.



Þverá í Laxárdal 21/9.1945 BS  
 F.v. Bílstjóri, Snorri Jónasson, Svanbildur Þorgilsdóttir, Jón Jónsson Viðis (með þrífótinn), Páll Snorrason, Jónas Snorrason, Þorgils Jónsson (ljósklæddur, baksvipur), Hallgrímur Þorgilsson, NN (drengur bakvið jeppa, gæti verið Jón Jónasson), Hildur Jónasdóttir, Sigrún Jónasdóttir, Aðalbjörg Jónasdóttir.



F.v. Snorri Jónasson, Jón Jónasson(?), Áskell Jónasson, Bergþóra Sigurðardóttir.



Þverá í Laxárdal, í eldhúsi 1945  
 Áskell Jónasson við blóðirnar.



Þverá í Laxárdal 1945 JMW  
 F.v. Hallgrímur Þorgilsson, Þorgils Jónsson (á bak við), Jón Jónasson, Snorri Jónasson, Áskell Jónasson, Svanbildur Þorgilsdóttir. Gráni, bestur Þorgils sést einnig.



# ÁRBÓK ÞINGEYINGA

## Eldri bækur til sölu!

Árbók Þingeyinga hefur verið gefin út fyrir öll ár frá 1958.

Uppseldir eru hjá útgáfunni árgangar:  
1958, 1968, 1969, 1970, 1971, 1973 og 1974.  
Oft er hægt að fá eintök á fornbókasölum.

Allir aðrir árgangar eru fánlegir á hagstæðu verði.  
Góður afsláttur veittur ef keyptar eru margar bækur í einu!

Verð á hverju hefti af því sem til er frá upphafi og til ársins 1986 kr. 300,-

1987 kr. 400,-	1998 kr. 1.500,-
1988 kr. 500,-	1999 kr. 1.600,-
1989 kr. 600,-	2000 kr. 1.700,-
1990 kr. 700,-	2001 kr. 1.800,-
1991 kr. 800,-	2002 kr. 1.900,-
1992 kr. 900,-	2003 kr. 2.000,-
1993 kr. 1.000,-	2004 kr. 2.400,-
1994 kr. 1.100,-	2005 kr. 2.600,-
1995 kr. 1.200,-	2006 kr. 2.700,-
1996 kr. 1.300,-	2007 kr. 2.700,-
1997 kr. 1.400,-	2008 kr. 2.800,-

Þeir sem vilja bæta í safnið hjá sér eða koma sér upp heildarsafni  
hafi samband við Safnahúsið á Húsavík –  
Sími: 464 1860 – Netfang: safnahus@husmus.is



*Pot Gjøggherast, Ipmeng, Christopher Land*